



# Glertrygging

Skilmáli nr. EF30

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EF30.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

**Glertrygging** tryggir gler eftir að því hefur verið komið endanlega fyrir. Tryggingin fellur niður ef glerið er tekið úr aftur.

**Skilmáli** segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

**Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til venjulegs sléttis og glærs rúðuglers í húseign þeirri eða hluta húseignar sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun, nema um annað sé samið og það sérstaklega tilgreint á skírteini.

## 2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi glersins er tryggður.

## 3. Hvað bætir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða gleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að því hefur verið endanlega komið fyrir á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Tryggingin fellur niður ef glerið er tekið úr aftur.
- 3.2 Tryggingin bætir kostnað við ísetningu nýs glers í stað þess sem brotnaði.
- 3.3 Tryggingin tekur til brots á gler- eða plastskiltum ásamt ljósabúnaði enda hafi þau verið tryggð sérstaklega og tilgreind á skírteini.

## 4. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 4.1 Tryggingin bætir ekki:
- a) Aukið verðgildi glers vegna litunar, skreytingar, slípunar og þess háttar eða aukakostnaðar vegna álíminga á gler, nema annað komi fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
  - b) Tjón vegna brotins glers, svo sem tjón á gluggaumbúnaði, gólfefnum eða munum, hvort sem þeir tilheyra húseign eða lausafé.
  - c) Tjón sem orsakast af eldsvoða, sprengingu eða hruni hússins.
  - d) Tjón sem felur í sér að úr glerinu flísast eða það rispast án þess að brotna.
  - e) Tjón sem orsakast vegna þenslu, vindings eða af ónógu viðhaldi ramma eða lista.
  - f) Tjón vegna óþættra samskeyta á tvöföldu eða þreföldu gleri.
  - g) Tjón vegna útlitsbreytingar, svo sem ef um er að ræða litamun á þeim rúðum sem skipt er um og hinum sem eru fyrir.
  - h) Tjón vegna þess að lampar eða hitatæki hafa verið notuð til að verja glerið frosti eða móðu.
  - i) Tjón vegna byggingarframkvæmda eða viðgerða utanhúss á því húsi sem hið tryggða gler er í, nema um sé að ræða venjulegt viðhald svo sem málun.
  - j) Tjón vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á glerinu, ramma þess eða umhverfi.
  - k) Kostnað við að fjarlægja útstillingar og annað sem kann að hindra ísetningu á nýju gleri.
  - l) Kostnað við bráðabirgðaviðgerð vegna tjóns.



- m) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 5. Háttsemi annarra

- 5.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.<sup>1</sup>
- 5.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónarmanns hins tryggða glers.

## 6. Ákvörðun bóta

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýju, venjulegu, sléttu og glæru gleri, nema annað komi fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði.
- 6.2 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað nýtt gler.
- 6.3 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

## 7. Framsal

- 7.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**

<sup>1</sup> Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.